

# Umhverfisstefna

---

Í umhverfismálum leggur Ósar áherslu á að:

- Haga starfsemi fyrirtækisins þannig að neikvæðum umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki
- Uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum er varða umhverfismál og gera betur eins og kostur er
- Nýta auðlindir af skynsemi, lágmarka úrgang og hámarka endurvinnslu
- Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar á samgöngutækjum á vegum fyrirtækisins verði lágmarkuð
- Efla umhverfisvitund starfsmanna
- Hvetja til samráðs við starfsmenn, birgja, samstarfsaðila og aðra hagaðila, sem og leitast við að bjóða upp á umhverfisvænar vörur
- Leita leiða til að draga úr kolefnisspori og kolefnisjafna losun frá fyrirtækinu.

Icepharma vinnur samkvæmt umhverfistjórnun, setur sér umhverfismarkmið, fylgist með árangrinum og birtir opinberlega.